





Reykjavík, 26. júní 2025  
USK25060064

## Bergstaðastræti 57– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júní 2025 var lögð fram fyrirspurn Óvissu ehf., dags. 4. júní 2025, ásamt bréfi, dags. 4. júní 2025, um breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 57 við Bergstaðastræti, sem felst í að stækka lóðina við gatnamót Bragagötu og Bergstaðastræti, samkvæmt fyrirspurnaruppr. Óvissu, dags. 4. júní 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Ljósmynd af götuhorni

Loftmynd af götuhorni

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt AR2040 er Bergstaðastræti 57 í skilgreindum íbúðarsvæði Þingholt.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulagið “Urðarstígsreitir“ samþykkt í borgarráði dags. 12. nóvember 2009.

### Umsögn

Óskað er eftir að stækka lóð Bergstaðastrætis 57 um 1,7 m.

Leitað var álits skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkurborgar og með tilliti til umferðaöryggis þá mun þessi útfærsla þrengja á aðgengi gangandi vegfarenda svo erfiðara verður að hafa yfirsýn á gatnamótum.

Allur reiturinn er verndaður hvað varðar byggðamynstur og gefur klippt horn bæði mýkt í umhverfið, bætir sýnileika á gatnamótum og bætir aðgengi gangandi.

### Niðurstaða

- Neikvætt samanber umsögn hér að ofan, þessi útfærsla þrengir á aðgengi gangandi vegfarenda í borginni.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

### f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri og arkitekt